

Mánudaginn 27. nóvembermánaðar.

Nr. 49/1893:

Rjettvísín

gegn

Rannveigu Jóelsdóttur.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Árnessýslu, gengnum 12. september þ. á., var hin ákærða, Rannveig Jóelsdóttir, dæmd fyrir að hafa fyrirfarið nýfæddu barni sínu til að sæta 6 ára betrunarhússvinnu, svo og til að greiða kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, 4 kr., til talsmanns hennar Þorvarðar hreppstjóra Guðmundssonar.

Þessum dómi er að ósk hinnar ákærðu áfryjað til landsyfirdómsins með stefnu 23. sept. næstliðinn.

Það er í málinu með eigin játningu hinnar ákærðu og öðrum skýrslum, sem fengnar eru, löglega sannað, að hin ákærða Rannveig Jóelsdóttir, sem er ógipt stúlka, ól barn nóttina milli 2. og 3. júní þ. á. í rúmi sínu í baðstofunni á Eigilsstöðum — en þar átti hún heima — og svaf hitt heimilisfólkið einnig þar; kvöldinu fyrir kenndi hún jódsóttar, en ljét á engu bera. Barnið, en það var sveinbarn, fæddist lifandi, og vissi ákærða það, þar sem hún fann að það hreifði sig eptir fæðinguna; er barnið var fætt, deyddi hún það með því, að þrýsta utan að því lærunum eins og hún mest mátti og jafnframt þjappa að sjer fötunum. Nokkru eptir að hún hafði fætt barnið og er hún ætlaði að það væri dáíð, reis hún upp og skildi á milli, og var þá barnið örent; lagði hún líkið fyrir ofan sig í rúmið og vafði það í handklæði og nærbuxur. Snemma um morguninn klæddist hún og fór ofan í eldhús til þess

að hita á katli; hafði hún þá fylgjuna með sjer og brenndi hana. Skömmu síðar fór hún aptur inn í baðstofu, tók líkið, fór með það beint niður að Ölfusá, er rennur skammt frá bænum, og kastaði því í ána.

Rúmum mánuði eptir fannst það rekið á eyri við ána og var líkið í sömu umbúðum og ákærða ljet það í.

Barnið var að vísu ekki alveg fullburða, að því hjeraðslæknirinn, sem skoðaði og krufði líkið, hefur frá skýrt; en eins og hann hefur lýst því yfir, að barnið hafi fæðzt lifandi, eins hefur hann staðhæft, að það hafi haft hæfilegleika til að geta lifað. Þegar ákærða varð þess vör, að hún var með barni, en það vissi hún nokkru fyrir síðustu jól, ásetti hún sjer að fyrirfara því, og hefur hún skýrt svo frá, að áform þetta hafi vaknað hjá sjer af því, að hún var hrædd um, að maður nokkur, er hún hafði áður átt 2 börn með, mundi reiðast sjer, ef hann kæmist að því, að hún hefði átt barn með öðrum manni — en baru það, sem hún deyddi átti hún með öðrum manni.

Þetta afbrot hinnar ákærðu, sem er komin langt yfir lögaldur sakamanna og eigi áður hefur sætt ákæru eða hegningu, hefur hjeraðsdómarinn með rjettu heimfært undir 193. gr. 2. lið almennra hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hún samkvæmt nefndum laga-
stað hefur til unnið, eptir öllum atvikum hæfilega metin 5 ára betrunarhúsvinna. Yfirdómurinn fellst á málskostnaðarákvæði hjeraðsdómsins. Svo ber hinni ákærðu og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því fyrir landsyfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða Rannveig Jóelsdóttir á að sæta 5 ára betrunarhússvinnu. Að því til málskostnaðar í hjerði kemur, á hinn áfrýjaði dómur að vera ó-raskaður. Ákærða greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til hins skipaða sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris H. Thorsteinson og setts málaflutningsmanns E. Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 4. desembermánaðar.

Nr. 45/1893:

Hið opinbera
gegn
Sveini Brynjólfssyni.

D ó m u r:

Með lögglurjettardómi Norður-Múlasýslu, uppkveðnum 17. júní f. á., var hinn kærði Sveinn Brynjólfsson veitingamaður á Vopnafirði, dæmdur samkvæmt 15. gr. laga 14. jan. 1876, um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, í 100 kr. sekt til landssjóðs og málskostnað allan, fyrir að hafa gegn fyrirmælum 1. gr. tjeðra laga komið fram sem útflutningastjóri án þess að hafa haft lögskipað leyfi til þess. Dómi þessum hefur eptir ósk hins dómfellda og af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er upplýst í málinu, að þegar P. V. Davíðs-